

Skólaárið 2010 - 2011

Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum 1. febrúar 2011

Mætt: Þorsteinn Óli, Þórstína, Linda, Pétur, og Nína en Karl var fjarverandi og Helgi Ómar sat hluta fundarins ásamt forvarnarfulltrúum ME þeim Bryndísi og Tinnu.

1. Tinna og Bryndís fræddu okkur um starf sitt, þær sögðu frá því helsta sem er í gangi í ME í forvarnarmálum.
 - Edrúpotturinn
 - Fræðsla – Lífsleiki (almenn) – margþætt fjallar sem dæmi má nefna um vímuefni, áfengi, tóbak, kynlíf, umferðarfræðslu og fleira.
 - Fræðsla á einstaklingsmiðuðum nótum þá maður á mann og viðtöl.
2. Pétur ræddi um áhyggjur sínar í tengslum við mál sem kom til hans er tengist drykkju hjá stúlkum á 1 ári (f. 1994) í ME, en þar kom fram að nemendur hafa verið að drekka áfengi oft og illa þar að segja vikulega og oft í viku og til þess að geta stundað þessa drykkju hafa þau meðal annars verið að leigja sér sali í bænum og sumarbústaði til þess að geta haldið eftirlitslaus partý. Rætt um það hvernig megi minnka drykkju ungmenna í skólanum, margar hugmyndir í gangi þær helstu eru að:
 - Að halda áfengislaus böll og skemmtanir á vegum skólans.
 - Edrúpotturinn
 - Öflugt félagslíf
 - Öflugt íþróttastarf

Niðurstaða: Að óska eftir fundi með Guðrúnu Frímansdóttur félagsmálastjóra á Fljótsdalshéraði til þess að ræða um stefnu sveitarfélagsins í þessum málum.

3.Námskármál: Stefnt er að því að taka nýja námskrá í gagnið haust 2011. Vinna við hana er í fullum gangi. Það er að mörgu að hyggja í svona vinnu og þarf að ræða vel útfærslur.

4.Niðurskurður og fækkun nemenda í vetur hefur það í för með sér að minni fjárveitingar fást til skólans frá ríkinu, því að þær eru tengdar nemendafjölda. Árgangasveiflur í nemendafjölda geta því haft óþægindi í för með sér í rekstri skólans. Þó stendur skólinn þokkalega fjárhagslega. Útlit er fyrir fjölgun nemenda næsta ár.

Fleira ekki rætt og fundi slitið: ritari Nína.

Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum 18. nóvember 2010.

Mætt: Þorsteinn Óli, Þórstína, Linda, Karl og Nína en Pétur var fjarverandi og Þorbjörn og Helgi Ómar sátu hluta fundarins ásamt fulltrúum nemenda þeim Guðbjörgu og Jóhanni Atla.

1. Rætt um heilsueflandi framhaldsskóla en það ferli er að hefjast og stendur í 4 ár að innleiða það. Til þess að skólinn fái fána og vígslu sem slíkur skóli. Til þess að kynna fyrir nemendum þessa vinnu þá verður fundur á mánudag 21. nóvember kl 13:45 en kl 15:00 fyrir fyrir kennara / starfsfólk og foreldrafélagið. Fyrsti árið er næring. En verkefnið skiptist eins og áður sagði í 4 ár þau eru Næring-Hreyfing-Geðrækt-Lífstill.
2. Helgi Ómar var spurður um brunavarnamál í skólanum og á vistinni en þau eru í nokkuð góðu lagi að hans mati, brunavarnarkerfi og útgönguleiðir, en þó hefur ekki verið haldin brunaeving nýlega fyrir nemendur á vistinni og er það mikilvægt að drífa í því. Einnig er það töluvert vandamál í skólanum að það er ekki tekið alvæga þegar brunakerfið fer í gang og jafnvel eru reykskynjarar skemmdir til þess að slökkva á þeim.
3. Hér fræddu þau Guðbjörg og Jóhann Alti okkur um það helsta sem er á döfinni í félagslífi í ME.
 - 1. desemberskemmtun verður haldin í Valaskjálfi. Þetta verður Árshátíð + ball (+VA kemur + einn starfsmaður með þeim).
 - Til þess að losna við grunnskólanemendur verður dyravarsla efl.
 - Matur á skemtun kemur frá mötuneyti ME og er þannig mun ódýrari en frá veisluþjónustunni.
 - Edrúpotturinn verður líka í boði. Foreldrafélagið styrkir pottinn.
 - Mesvar: 18. nóvember--- þrjú kvöld.
 - Þriðjudag s.l. Bæjarins bestu 75% nemenda tóku þátt.
 - Vorönn: Barkinn- leikfélagið byrjar í janúar
 - Áramót: íþróttamót.

- Að jafnaði einn viðburður á viku.
- Útvarpið er ekki í gangi núna, græjurnar eru til staðar niðri í sláturhúsi.
- Vegna foreldraröls vegna 1. des er gott að fá netföng nýnema til þess að fá foreldra á röltið.

4. Rætt um formið á bókhaldi hjá NME (Nemendafélagi Menntaskólans) en það er ekki haldið í neinu kerfi sem stendur, skólameistari ber þó ábyrgð á því. Ekki ákveðið með hvernig því verði háttað í framtíðinni.

Fundi slitið ritari Nína.

Stjórnarfundur í foreldra – hollvinafélag ME halinn í Menntaskólanum á Egilsstöðumfimmtudaginn 23. september 2010.

Mætt: Þorsteinn Óli, Karl, Þórstína, Linda og Nína (Pétur fjarverandi) og Helgi Ómar sat hluta fundarins.

1. Í upphafi skipti stjórnin með sér verkum, Þorsteinn Óli er formaður, Nína er ritari, (Gjalkeri ekki valinn), Þórstína og Linda eru meðstjórnendur. Einnig á eftir að hafa samband á Seyðisfjörð til þess að reyna að fá einn þaðan úr foreldrahópnum til þess að sitja í stjórn. Þorsteinn Óli tók það að sér.
2. Þorsteinn Óli fór yfir hlutverk og lög foreldrafélagsins, umræður um hlutverk og til hvers er ætlast.
3. Nína sagði stuttlega frá skólanefndarfundum sem hún sat fyrir foreldrafélagið sem haldinn var 20. september. Þar var meðal annars rætt um „Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Egilsstöðum“
Skýrslu sem var unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið vorið 2010.
4. Önnur mál: Helgi Ómar kom inn á fundinn,
 - hann sagði okkur frá hvernig vinnu við nýja skólanámskrá gengi. Stefnt er að því að hún verði tilbúin til notkunnar 2011. Þar verður m.a. skilgreint hlutverk og samstarf við foreldra og boðleiðir. Hlutverk umsjónarkennara og þar færð meiri ábyrgð í hendur foreldra að fylgjast með framvindu náms barna sinna.
 - Fréttabréf verða styttri og tíðari í vetur til foreldra og er það gert til þess að auka upplýsingaflæði.

- Kynning á nýrri námskrá rædd. Helgi sagði að sennilega yrði netkynning heppilegust. Verkefnastjórar með námskrárvinnunni eru þau Arnar Sigbjörnsson og Helga Jóna Jónasdóttir.
- Menntaskólinn er að stefna að því að verða heilsueflandi framhaldsskóli. Stendur til að mynda ráðgjafahóp og þá vantar fulltrúa frá foreldrafélaginu. Áherslu atriði í þessari vinnu eru Hreyfing-Geðrækt og Lífstíll. Foreldrafélagið fagnaði þessu framtaki. og umræða kom um það að nú væri að verða samfella milli skólastiga hér á Egilsstöðum þar sem leikskólinn Skógarland er að vinna að því að vera heilsueflandi skóli og grunnskólinn okkar er líka.
- Rætt um „Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Egilsstöðum“. Skýrsla unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið vorið 2010. Helgi Ómar var ekki alskostar ánægður með þessa vinnu og fanst sum illa rökstutt og ígrundað sem þar var sett fram.
- Valinn var fulltrúi úr foreldrafélaginu sem situr í skólanefnd. Karl S. Lauritsson.
- Nýir forvarnafulltrúar eru teknir til starfa í fjarveru Árna Óla, það eru þær Bryndís Ford og Tinna Halldórsdóttir.
- Rætt um vaktir á böllum /foreldrarölt. Foreldrar eru stundum óöruggir með það að fara í slíkt vegna þess að það vantar verklýsingu/hlutverk hvað eigi að gera og hvert eigi að leita ef vandamál koma upp.
- Rætt um fyrirkomulag keppni sem hófst síasta ár þar sem er í boði verlaunapottur til þeirra sem nemenda sem eru edrú á böllum. Þetta fer þannig fram að forvarnafulltrúi var með alkóhólmeili og bauð nemendum að blása og þannig var nafn þeirra komið í pott sem svo var dregið úr. Þetta þykir jákvætt og hópurinn er allaf að stækka sem er í edrúpottinum. Í verlaun í fyrra voru m.a. ballmiðar og smærri vinningar og svo í restina var dreginn út sími.
- ME mun áfram senda út póst til skólastjóra um böll til þess að hægt sé að senda út til foreldra í 9 og 10 bekk grunnskóla svo þeir nemendur séu ekki að hanga fyrir utan böll sem þau komast ekki inná og eru þeim ekki ætluð.
- Rætt um Pésann „ fréttablað nemenda, það að hann verði ekki settur á netið framvegis og skólameistari muni sjá til þess að hann verði lesinn yfir af kennara áðurnen hann komi út. Þetta er gert til þess að forða því að í hann komist óæskilegt efni.
- Sláturhúsið og tengsl við ME. Það er óformlegt en þó er búið að færa þangað útvarpsstöðina. Æskilegt væri að fleiri nemendur færu í Sláturhúsið! Því að þar er mjög góð aðstaða en nemendur eru helst að setja fyrir sig vegalengdir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Ritari Nína Midjord.

Aðalfundur í foreldra – hollvinafélagi ME haldin í Menntaskólanum á

Egilsstöðum 29. ágúst 2010, haldin í matsal ME klukkan 17:00.

Mættar: Aðalheiður Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir og Nína Midjord. Aðrir stjórnarmenn höfðu boðað fjarveru sína. Góð mæting var á fundinn. Fundurinn byrjaði seinna en áætlað var vegna nýnemafundarinnis sem haldinn var á undan. Helgi Ómar skólameistari kom okkur á óvart og bauð fundarmönnum uppá ljúffengt kaffihlaðborð. Þegar fundarmenn höfðu fengið sé kaffi var fundurinn settur.

1. Aðalheiður formaður félagssins setti fundinn og skipaði Önnu fundarstjóra og Nínu sem ritara. Einnig kynnti Aðalheiður stjórnina og hvernig hún hefði skipt með sér verkum s.l. ár.
2. Aðalheiður las upp skýrslu stjórnar og að henni lokinni var hún samþykkt af fundarmönnum.
3. Anna (í fjarveru Þorsteins Óla gjaldkera) lagði fram reikning stjórnar og að því loknu var hann samþykktur.
4. Því næst fór Aðalheiður yfir ný lög sem segja að foreldrafélag=foreldraráð eigi að eiga fulltrúa í skólanefnd. Kosið var í stjórn í stað þeirra sem viku úr stjórn, en eftir úr gömlu stjórninni sitja áfram þau Þorsteinn Óli og Nína en inn komu, Karl S Lauritzson, Pétur Heimisson báðir frá Egilsstöðum, Linda Hilmarsdóttir og Þórstína Hlín Sigurjónsdóttir frá Reyðarfirði. Einn vantar í viðbót en ákveðið var að reyna að fá einhvern fulltrúa foreldra frá Seyðisfirði og mun stjórnin hafa samband þangað finna fulltrúann. Stjórnin var samþykkt.

Nýja stjórn skipa: Þorsteinn Óli Sveinsson Nína Midjord Erlendsdóttir Karl S Lauritzson Pétur Heimisson Þórstína Hlín Sigurjónsdóttir Linda Hilmarsdóttir+ 1 Seyðfirðingur

1. Kosnir voru skoðunarmenn en þeir eru Árni Björnsson og Jóhann Gunnarsson en til vara eru þær Anna Alexandersdóttir og Aðalheiður Sigurðardóttir.

Skoðunarmenn: Árni Björnsson Jóhann Gunnarsson Anna Alexandersdóttir Aðalheiður Sigurðardóttir Að þessu loknu var fundi slitið Ritari Nína Midjord.